



Berist til: Fjarlaganefnd Alþingis

Sendandi : Landssamtök sauðfjábænda

Dagsetning: 27. desember 2017

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2017

Landssamtök sauðfjábænda fagna því að komnar eru fram fyrstu aðgerðir gagnvart greininni. Samtökin lögðu áherslu á og hefðu frekar kosið að beinar aðgerðir núna beindust fyrst og fremst að þeirri tekjuskerðingu sem framleiðendur hafa þegar orðið fyrir. Sú skerðing er óháð búsetu og í beinu samhengi við framleiðslu.

Í tengslum við þær aðgerðir sem ríkisstjórnin ætlar að ráðast í vegna rekstrarvanda sauðfjarræktarinnar er rétt að benda á það að kjörnir fulltrúar Landssamtaka sauðfjábænda sendur frá sér eftirfarandi ályktun um aðgerðir vegna vanda sauðfjarræktarinnar á aukafundi LS sem haldinn var 19. september.

Bændur eigi kost á greiðslum sem miðist við innlögð kg dilkakjöts á árinu 2017. Markmið þessara aðgerða væri að koma í veg fyrir hrun í greininni og stórfellda byggðaröskun. Skilyrði fyrir þessum greiðslum verði m.a. að viðkomandi framleiðandi búi á lögbýli og hafi fleiri en 100 vetrarfóðradar kindur samkvæmt skráningu Matvælastofnunar haustið 2016. Þetta yrði einskiptisaðgerð og hugsuð til að bæta að hluta kjaraskerðingu sem er tilkomin vegna lækkunar á afurðaverði haustsins 2017. Aðgerðin verði fjármögnuð með sérstöku 650 m.kr. framlagi ríkisins.

Í fjárukalögum er gert ráð fyrir eftirtöldum fjármunum:

1. 300 m.kr. verði varið í greiðslur til bænda sem miðast við fjölda kinda á vetrarfóðrum skv. haustskráningu Matvælastofnunar,
2. 200 m.kr. verði varið í svæðisbundin stuðning til viðbótar við svæðisbundinn stuðning skv. gildandi búvörusamningi,
3. 100 m.kr. verði varið til að undirbyggja verkefni á sviði kolefnisjöfnunar, nýsköpunar og markaðssetningar.
4. 15 m.kr. verði varið í úttekt á afurðastöðvakerfinu sem verði grundvöllur viðræðna stjórnvalda, sláturleyfishafa og bænda um breytingar til hagsbóta fyrir neytendur og bændur.
5. Ef niðurstaða úttektarinnar leiðir í ljós að hægt sé að lækka sláturkostnað og auka hagræðingu í greininni þá er opnað á þann möguleika að allt að 50 m.kr. geti verið nýttar til að styðja við hagræðingu í sláturhúsum.

Ekki er ljóst út frá hvaða reglum fjármunum verður úthlutað í lið 1. Ekki verður það skilið með öðrum hætti en að 300 milljónir skiptist á allar kindur á vetrarfóðrum á landinu. Það kemur ekki fram í fjárukalögum hvort gert sé ráð fyrir þróskuldi hvað varðar bústærð, slík útfærsla hafði verið rædd. Samkvæmt haustskýrslum 2016 voru 475.892 kindur á vetrarfóðrum. Samkvæmt því væri greiðsla á hverja kind 630 kr.



Gert er ráð fyrir því að 371 bú fái svæðisbundinn stuðning árið 2018. 200 miljónir væru því um 539.00 kr á bú. Þessar greiðslur eru óháðar bústærð, en þó þannig að þær greiðast bara til þeirra sem hafa 300 kindur eða meira samkvæmt skilyrðum um svæðisbundinn stuðning árið 2018.

Verkefni á sviði kolefnisbindingar og nýsköpunar eru góðra gjalda verð enda mikilvæg verkefni og nokkuð sem Landssamtök sauðfjárbænda hafa lagt áherslu á. Til að hefja slík verkefni kallar það iðulega á aukin útgjöld fyrir viðkomandi framleiðanda. Það verður því vandséð hvernig slík verkefni nýtast til að bregðast við alvarlegasta bráðavandanum.

Þær breytingar sem Landssamtök sauðfjárbænda leggja til er að greiðslur í lið 1, 2 og 3 verði sameinaðar í eina greiðslu sem yrði greidd á kg dillakjöts innlagt haustið 2017 til þeirra búna sem höfðu fleiri en 100 kindur vetrarfóðraðar haustið 2016. Það væri í samræmi við sameiginlega niðurstöðu bænda sbr. ályktunin hér að ofan.

Innlegg þeirra bænda sem höfðu 100 kindur eða fleiri vetrarfóðraðar árið 2017 var um 8.700 tonn (höfum ekki endanlegar upplýsingar hér og því er þetta áætlað magn). Greiðsla á hvert kg væri því um 69 kr/kg.

Við teljum að tillaga LS sé mun sanngjarnari og muni skapa sátt meðal bænda. Í viðhengi I má sjá nánari samanburð á þessum ólíku tillögum okkar máli til stuðnings.

Landssamtök sauðfjárbænda styðja það heilshugar að unnin verði vönduð úttekt á allri virðiskeðjunni í sauðfjárrækt frá bónda til neytenda. Enda greining sem er mikilvægur liður fyrir framtíðarlausnir. Í framhaldinu er nauðsynlegt að fara í frekari vinnu til að styrkja ramman utan um greinina svo henni séu boðin lífvænleg skilyrði. Það er ekki boðlegt til framtíðar að treysta þurfi á sértækar aðgerðir þegar fall verður á mörkuðum vegna utanaðkomandi aðstæðna með tilheyrandi óvissu um aðgerðir.

Stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda óska eftir því að hitta Fjárlaganefnd til að fara betur yfir okkar tillögur.

Með bestu kveðjum,

F.h. Landssamtaka sauðfjárbænda

Oddný Steina Valsdóttir

Formaður


Sími: 865 0716 / Netfang: oddny@bondi.is



Viðauki I


Umsögn um frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2017

Samanburður ólíkra aðgerða út frá bústærð metið sem kr/kg




Hér má sjá áhrif þessara ólíku aðgerða á einingaverð (kr/kg) við mismunandi bústærð. Ljósblá lína sýnir meðal afurðaverð haustið 2017 (375 kr/kg). Rauða línan sem er efst sýnir meðal afurðaverð haustið 2016 (543 kr/kg). Bilið á milli þessara lína er verðfall haustið 2017 (168 kr/kg). Gráa línan sýnir tillögu ríkisstjórnarinnar til þeirra sem ekki fá svæðisbundin stuðning. Hér er miðað við að þessi stuðningur sé greiddur hlutfallega jafnt til allra óháð bústærð. 300 mill. sem skiptast á 430.000 kindur. Gula línan sýnir tillögu ríkisstjórnar til þeirra sem fá svæðisbundinn stuðning. 200 mill. sem skiptast jafnt á 371 bú. Bláa línan sýnir tillögu LS samkvæmt ályktun aukafundar LS. Hér er miðað við að greitt sé á kg/kjöt framleitt haustið 2017 til þeirra sem höfðu 100 kindur eða fleiri á vetrarfóðrum samkvæmt haustskýrslu 2016. Hér er miðað við að framlagið sé 600 milljónir og framleiðsla þessara bóa sé 8.700 kg.

200 kindur




Hér má sjá samanburð á áhrifum ólíkra aðgerða á heildartekjur bænda með 200 kinda bú. Hér má benda á það að svæðisbundinn stuðningur (fyrir árið 2018) nær aðeins til þeirra bænda sem eiga 300 vetrarfóðraðar kindur eða meira og búa á skilgreindum svæðum. Þannig að bóndi sem býr á slíku svæði og á 200 kindur nýtur ekki þessara aðgerða ríkisstjórnarinnar.

400 kindur



Hér má sjá samanburð á áhrifum ólíkra aðgerða á heildartekjur bænda með 400 kinda bú.

600 kindur



Hér má sjá samanburð á áhrifum ólíkra aðgerða á heildartekjur bænda með 600 kinda bú.